

4. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt c-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi rafveitunnar.

5. gr.

Söluskattur 24% og verðjöfnunargjald 16% er innifalið í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á c-liðum, húshitun.

6. gr.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur rafveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfis.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 689 5. september 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 27. febrúar 1985.

F. h.r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 445/1978 um flokkun eiturefna og
hættulegra efna sbr. breyting nr. 270/1981.**

1. gr.

Ný efni, sem raðað er á lista III. sem hér greinir:

Anísídín (orto-anísídín),
benzídín,
tólídín (orto-tólídín),
tólúídín (orto-tólúídín),
trímetýlanilín (2, 4, 6-trímetýlanilín).

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 27/1973, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. febrúar 1985.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.